

Matvælastofnun getur gefið út heilbrigðisvottorð að uppfylltum tilteknum skilyrðum vegna sjávarafurða sem landað er á Íslandi af vinnsluskipum sem hafa uppruna í ríkjum sem samningar ESB/EES ná yfir. Slík vottun er möguleg á forsendum EES samningsins og matvælalöggjafar ESB og byggir á reglugerð nr. 234/2020 um opinbert eftirlit (EC/2017/625)

## Skilyrði vottunar

**Framleiðandi/útflytjandi skal þekkja til skilyrða sem gilda um útflutning og vera skráður hjá yfirvöldum viðkomandi móttökuríkis ef við á og samkvæmt gildandi reglum þar að lútandi.**

**Eftirfarandi skal liggja fyrir áður en vottorð er gefið út:**

1. **Pre-export certificate:** vottorð sem gefin eru út af yfirvöldum upprunalands sem staðfesta að framleiðandinn sé undir eftirliti viðkomandi yfirvalda. Framleiðandi/útflytjandi skal óska eftir pre-export vottorði hjá viðkomandi yfirvöldum.
2. **Hleðslustaðfesting:** útflytjandi skal óska eftir hleðslustaðfestingu sem framkvæmd er af Matvælastofnun og felur í sér skoðun sendingar fyrir útflutning. [Eyðublað fyrir hleðslustaðfestingu](#) skal fyllt út og sent Matvælastofnun ([vottord.fiskur@mast.is](mailto:vottord.fiskur@mast.is)) með beiðni um skoðun sendingar.

## Afgreiðsla vottorða

- 1) Umsækjandi heilbrigðisvottorðs fyllir út viðeigandi vottorðsform og sendir beiðni til MAST. Afgreiðslutími heilbrigðisvottorða er á virkum dögum og sækja skal um með a.m.k. 24 klst fyrirvara (á virkum dögum).
- 2) Sendandi (Consignor) í heilbrigðisvottorði skal vera með kennitölu á Íslandi. Aðilar með kennitölu á Íslandi geti verið skráður sendandi í heilbrigðisvottorði fyrir hönd erlendra aðila.
- 3) Kostnaður vegna ofangreinds, þ.m.t. eftirlit með hleðslu sendingar og útgáfa vottorða greiðist af útflytjanda.

[Almennar reglur um útgáfu heilbrigðisvottorða vegna sjávarafurða.](#)